

Andvarp ritstjórnar

Kæru skátar

Það er komið að því. Vormót 2012. Rigning 2012. **Labbi 2012.**

Nú lítur dagsins ljós fyrsta af fjórum tölublöðum Labba. Hitið upp hláturtaugarnar því helgin ber í skauti sér fjör, gleði og Labba.

Við labbakútar höfum það að leiðarljósi að vera sólargeisli ykkar í þeirri miklu vætu sem vænta má um helgina. Hangi hann þurr munið þið líklegast sólbrenna, hvort sem það verði af okkar völdum eða æðri máttar.

Svo við mælum eindregið með sólarvörn.

Ykkar einlægu,
Labbakútar

Stjörnuspá 8. júní



Vatnsberi: Þér gengur illa að tjalda. Mundu að nota hælana, annars fýkur það.



Fiskur: Þú ert hvorki fugl né fiskur. Nei djók.



Hrútur: Þú ert hrútur alls fagnaðar. Allir elska þig.



Naut: Þú finnur ástina í kakótjaldinu. Kakóið var gott.



Tvíburi: Þú ert umkringdur fíflum. Komdu á tjaldstæðið.



Krabbi: Reyndu að brjóta ekki eldspýturnar áður en þú notar þær.




Ljón: Þú finnur dýrseðli brjótast út. Það gæti nýst þér í leit að Móra og Skottu.



Meyja: Það er réttur hnútur!
Ekki kellingahnútur.



Vog: Hafðu blýant á þér. Það gæti reynst þér vel.



Sporðreki: Ekki bíta í skottið á þér. Það gæti orðið vont.



Bogmaður: Þínir villtustu draumar verða að veruleika.



Steingeit: Passaðu þig á því að fara í réttan svefnpoka í nótt.

Sáluhjálparhorn Dr. Móra



Dr. Móri.
Með lausn við þínum vanda!

Dr. Móri er með doktorsgráða í sálfræði frá einum virtasta bréfaskóla heims. Hann hefur fengist við ýmis verkefni og er með stóran reynslubanka. Dr. Móri er þekktur fyrir ráðvendni og heiðarleika svo þið getið óhrædd trúað honum fyrir hverju sem er og treyst því að fá heiðarlegt og hreinskilið svar.

Liggur þér eitthvað á hjarta?

Er einhver að fara illa með þig?

Áttu í vandræðum með að finna ástina?

Dr. Móri getur hjálpað með allt þetta og meira til!

Sendu honum línu í Labbakútinn eða tölvupóst á dr-mori@hotmail.com.



Dr. Móri. Alltaf á staðnum!

Ekki gleyma að senda okkur línu!

Labbakútar taka ALLT til greina við gerð blaðsins.



LABBI 2011

Ábyrgðamenn: Móri og Skotta

Prentverk:

Labbaverk – Skýjaborgir

ÉG VIL AÐ ÞÚ



Leitir að **MÓRA**
og **SKOTTU**